

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Stjórnugrís hf. Brautarholt, Kjalarnes



Dags eftirlits	23.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Saltvík 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600667-0179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Kári Kristjánsson	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu voru sett fram sex frávík.

### UMFANG EFTIRLITS

Þann 23. ágúst 2022 fór fram reglubundið eftirlit í svínabú Stjórnugrís að Brautarholti. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Kynning á heimild til álagningu stjórnvaldssektar
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Umfang starfseminnar
- Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis.
- Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft.
- Dreifing þurrhluta svínamykju (6.gr)
- Rannsóknir, eftirlit og skráningar. (2.kap 6.gr)
- Eigið eftirlit og skráning (9.gr)
- Útstreymisbókhald og grænt bókhald
- Áhættumat
- Önnur mál
- Vettvangsferð

Í eftirlitinu var heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta kynnt. Einnig var rekstraraðila afhent dæmi um uppsetningu áætlunar um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

Í eftirlitinu gat rekstraraðili ekki upplýst um fjölda dýra í húsunum sem skal skv gr. 9.3 í starfsleyfinu vera skráð fyrir hvern mánuð. Þann 20 september 2022 bárust gögn um mögulegan hámarksfjölda grísa yfri 30 kg. Hins vegar hafa ekki borist tölur um fjölda dýra í húsunum.

Í eftirlitinu var rætt um losunargildi sem tengjast bestu fánlegu tækni fyrir köfnunarefni og fosfór í úrgangsefni og ammóníak í andrúmsloftið. Engar mælingar eða útreikningar hafa verið framkvæmdar en rekstraraðili tilkynnti í eftirlitinu að hann muni hafa samband við danska ráðgjafa til að framkvæma þá útreikninga og mælingar sem þarf til að uppfylla BAT. Í eftirlitinu var samkomulag um að rekstraraðili skili þessum tölum til Umhverfisstofnunar um leið og þær liggja fyrir og í síðasta lagi í góðum tíma fyrir næsta eftirlit. Þessi gögn hafa ekki borist

Farið var yfir kröfur í starfsleyfinu vegna dreifingar þurrhluta svínamykju (6. gr.) Erfitt hefur reynst rekstraraðila að dreifa áburði á eigin tún þar sem dreifingin er háð samþykki nágranna og er allt þurrefni þar af leiðandi keyrt í burtu og dreift á tún í Hvalfjarðasveit. Engir samningar eru þó til staðar við móttökuaðila áburðarinnis. Öllum þurrhluta mykjunnar er dreift á tún og land, engin áburður er sendur í urðun. Tekin hafa verið sýni af áburðinum og borið er minna en 170 kg/hektara á tún sem er í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti. Í heildina er um 36 tonn af áburði eru borin á hvern hektara.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sér um framkvæmd mælinga á saurkóligerlum sbr. 2. kap 6. gr. í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur hins vegar ekki fengið afrit af þeim gögnum eftir síðustu mælingar heilbrigðiseftirlitsins. Rekstraraðili mun senda Umhverfisstofnun gögnin þegar þau berast frá heilbrigðiseftirlitinu. Þessi gögn hafa ekki borist.

Rekstraraðili skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti framkvæma rannsóknir á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs eftir skiljun (þurrhluta). Í eftirlitinu kom fram að lengra en fimm ár eru liðin síðan síðasta rannsókn var gerð. Rekstraraðili upplýsti í eftirlitinu að þetta yrði gert hið snarasta og niðurstöður efnagreininga yrðu send til Umhverfisstofnunar þegar þau berast. Þessi gögn hafa ekki borist stofnuninni.

Í eftirlitinu var rætt um kafla 2, gr. 6.4. Fram kom að ekki er alveg ljóst hvað átt er við í þessari grein, hvort um er að ræða dælingu út úr eldihúsinu eða dælingu út í sjó. Rekstraraðili heldur skráningar um dælingu út úr eldihúsunum en ekki með dælingu blauthlutans út í sjó. Aðrir liðir í þessari grein eru skráðir af rekstraraðila.

Farið var yfir innra eftirlit og skráningar sbr. 9.gr starfsleyfisins. Tæming á flórum er skráð, mánaðarleg staða í mykjutönkum á ekki við þar sem engir slíkir tankar eru. Þrif á deildum eru skráð. Förgun, nýting og endurvinnsla úrgangs er ekki skráð þegar um er að ræða áburð sem bændur taka við. Engin íbætiefni eru sett í flórinn. Engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila síðan í síðasta eftirliti. Heildarfjöldi slátraðra dýra árið 2021 voru 10.540 grísir.

Grænt bókhald var afhent í eftirlitinu þann 23. ágúst 2022 og ústreymisbókhaldið barst stofnuninni 9. ágúst 2022. Rætt var um ústreymisbókhaldið og skráningar í því. Rekstraraðili þarf að kanna hvort magn fosfórs og köfnunarefnis sé yfir eða undir mörkum til að þurfa að koma fram í ústreymisbókhaldinu. Rekstraraðili sagðist skyldi reikna út magn fosfórs og köfnunarefnis sem berst í vatn og á land og senda til Umhverfisstofnunar. Þessi gögn hafa ekki borist.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits en stofnunin endurskoðar það í lok ársins.

Í eftirlitinu kom fram mikill áhugi rekstraraðila á að koma upp siturbeðum á búinu sem yrði til þess að reksturinn hætti losun blauthluta í sjó. Aðstæður voru skoðaðar í vettvangsferðinni og rekstraraðila jafnframt bent á að hafa samband við starfsleyfisteymið með góðum fyrirvara áður en núverandi starfsleyfi rennur út.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 9.3 í starfsleyfi.	Upplýsingar um fjölda dýra í húsunum skal skrá fyrir hvern mánuð. <i>Ekki er skráður fjöldi dýra í húsunum fyrir hvern mánuð. Stofnuninni hafa einungis borist gögn um mögulegan hámarksfjölda grísa yfir 30 kg en ekki heildarfjölda dýra.</i>
Gr. 4.4 Almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi og gr. 1.15 í framkvæmdaákvörðun ESB 2017/302.	Rekstraraðila ber að tryggja að beitt sé bestu fánlegu tækni (BAT) <i>Engir útreikningar eða greining hefur verið framkvæmd á heildarmagnni köfnunarefnis og fosfórs sem er losað sem úrgangsefni né losun ammóníaks í andrúmsloft.</i>
gr. 6.2 í starfsleyfi	Ef dreyfa á svínamykju/þurrhluta á önnur eignarlönd skal vera fyrir hendi skriflegur samningur þess efnis. <i>Allt þurrefni svínamykjunnar er dreift á tún og land í Hvalfjarðarsveit. Engir samningar eru til staðar við móttökuaðila áburðarins.</i>
2. kafli gr. 6.2 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti framkvæma rannsóknir á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta). <i>Lengra en 5 ár eru frá síðustu rannsókn.</i>
Gr. 9.5 í starfsleyfi.	Fyrirtækið skal skila grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi eigi að síðar en 1. maí ár hvert. <i>Grænt bókhald var afhent í eftirlitinu þann 23. ágúst og ústreymisbókhaldið barst stofnuninni 9. ágúst.</i>
Gr.1.2 í Fylgiskjali 1, Almenn starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi.	Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. <i>Það er mat Umhverfisstofnunar að starfsemin teljist mengandi og eigi því ekki heima á landbúnaðarsvæði heldur skuli vera á iðnaðarsvæði.</i>



**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.10.2022



---

Kristín Kröyer

